

## REGLUGERÐ

### Um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2025. REGLUGERÐ um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2025.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld og um heimildir skipa frá Færeyjum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2025.

#### 2. gr.

Veiðar, sbr. 1. gr., innan íslenskrar efnahagslögsögu eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í efnahagslögsögu Íslands og ennfreður reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til síldveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

Leyfi Fiskistofu skal aðeins veitt þegar staðfest hefur verið að áhöfn og aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa, hafi kynnt sér með fullnægjandi hætti framkvæmd sýnatöku skv. 3. gr.

Skipum sem leyfi hafa fengið til veiða á norsk-íslenskri síld er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

#### 3. gr.

Færeyskum skipum er óheimilt að stunda síldveiðar á svæði sunnan 67°00,00'N og vestan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 67°00,00'N - 013°19,00'V
2. 66°42,00'N - 012°50,00'V
3. 66°06,00'N - 011°33,00'V
4. 65°27,00'N - 011°24,00'V
5. 65°00,00'N - 011°28,00'V
6. 64°32,30'N - 011°41,00'V
7. 64°21,70'N - 012°17,30'V
8. 64°00,00'N - 013°07,00'V
9. 63°43,00'N - 014°00,00'V

og þaðan réttvísandi í 180° að mörkum efnahagslögsögunnar.

Færeysk veiðiskip skulu hlíta þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum.

Færeysk skip er stunda síldveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt 1. gr. skulu taka sýni úr afla. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnatakan framkvæmd fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda svo unnt sé að greina íslenska sumargotssíld frá norsk-íslenskri síld í samræmi við kynþroskastig. Sýnatakan skal skráð á þar til gert eyðublað Fiskistofu og skal senda til Fiskistofu áður en komið er til hafnar.

Ef í ljós kemur við veiðar að afli annarar tegundar en norsk- íslensk síld fer yfir 10% af afla í hali/togi skal fiskiskip færa sig um 20 sjómílar frá þeim stað er síðast var togað. Ekki er heimilt að fara á fyrri stað fyrr en að loknum tveimur sólarhringum.

Einnig skulu færeysk skip er stunda síldveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt 1. gr. taka eitt sýni í hverri veiðiferð, sýni skulu tekin úr einu kasti eða togi og skal sýnatakan framkvæmd fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni og fryst.

Frosnum aflasýnum skal komið til Havstovan í Þórshöfn í Færeyjum.

## 4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í efnahagslögsögu Íslands skv. 2. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðarar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

## 5. gr.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldarveiða skv. 2. gr. skulu hafa sjóskilju þar sem hámarksbil milli rimla er ekki meira en 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef að gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.

## 6. gr.

Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahagslögsögu Íslands hefjast og á leið út úr efnahagslögsögu Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

## 7. gr.

Skip sem stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibönn, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

## 8. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

## 9. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan efnahagslögsögunnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

## 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 750/2024 um heimild færeykra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2024.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 30. júlí 2025.*

**Hanna Katrín Friðriksson.**

*Skúli Kristinn Skúlason.*

**B deild - Útgáfudagur: 5. ágúst 2025**

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.